

Nd.

211. Frumvarp til laga

[162. mál]

um breyting á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Flm.: Friðrik Sophusson, Matthías Á. Mathíesen, Árni Gunnarsson,
Albert Guðmundsson, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

Í 2. gr. laganna hljóði nýr 13. tl. svo:

Vara sem flutt er hingað til framhaldsflutnings (transit), enda uppfylli innflytjandi kröfur tollyfirvalda varðandi varðveðslu hennar og flutning.

2. gr.

Á 3. gr. laganna verði svofelldar breytingar:

a) 1. tl. falli niður og breytast nr. annarra tl. til samræmis.

b) 1. tl. (áður 2. tl.) hljóði svo:

Að fella niður eða lækka hlutfallslega gjöld af vöru, sem hefur horfið, eyðilagst, rýrnað eða orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við affermingu, í vörslu tollyfirvalda eða í viðurkenndum geymslum farmflytjanda, innflytjanda eða tollvörugæymslu, enda sé hvarfið, eyðileggingin, rýrnunin eða skemmdirnar ekki sök viðtakanda vörunnar. Sé um algjöra eyðileggingu að ræða skal vörunni fleygt.

c) 10. tl. (áður 11. tl.) b. hljóði svo:

Af vöru og hráefni eða efnivöru vegna vöru, sem flutt er út til sölu á erlendum markaði. Umbúðir skulu teljast vara í þessu sambandi.

Útflytjandi skal afhenda tollyfirvöldum kröfu sína um endurgreiðslu skv. þessum lið, þegar viðkomandi vara er flutt út. Enn fremur skal hann leggja fram þau vottorð, sem tollyfirvöld krefjast varðandi efnissamsetningu vörunnar. Rannsóknastofnanir atvinnuveganna og Háskóli Íslands skulu teljast fullgildir til útgáfu slíkra vottorða.

3. gr.

Á eftir orðunum „þó ekki lægri verðtoll en 5%“ í 1. mgr. 4. gr. laganna komi: Ef um er að ræða muni sem sendir hafa verið til viðgerðar á göllum. sem seljandi ber ábyrgð á, skal ekki krafist tolls, hvort sem sami munur kemur aftur viðgerður eða annar samskonar munur ógallaður kemur í hans stað. enda séu færðar sönnur á, að viðgerðin hafi verið ókeypis og ábyrgð innifalin í upphaflegu tollverði vörunnar.

4. gr.

4. mgr. 10. gr. laganna hljóði svo:

Nú verður skemmd eða rýrnun á vöru á leið hingað til lands, við affermingu eða í vörslu tollyfirvalda eða í viðurkenndum vörugæymslum farmflytjanda, innflytjanda eða í tollvörugæymslu og innflytjandi á sannanlega ekki sök á skemmdinni eða rýrnuninni, og skal þá tollyfirvald lækka tollverð vörunnar sem svarar verðrýrnun hennar.

5. gr.

18. gr. laganna breytist svo:

- a) Úr 2. tl. 2. mgr. falli niður orðin „og enn fremur með hvaða fari sending er afhent til flutnings áleiðis til Íslands“.
- b) Úr 12. tl. 2. mgr. falli niður orðin „að aðeins einn vörureikningur sé gefinn út yfir allar þær vörur sem eru í sendingu með tilgreindu fari“.
- c) 5. mgr. falli niður.

6. gr.

Úr 1. mgr. 19. gr. laganna falli niður orðin „viðurkenningu (kvittun) viðskipta-banka um greiðslu eða tryggingu kröfu samkvæmt sölu- eða vörureikningi“.

7. gr.

2. mgr. 20. gr. laganna falli niður.

8. gr.

Úr niðurlagi 23. gr. laganna falli niður orðin „og stöðvun tollafgreiðslu til hlut-aðeigandi aðila“.

9. gr.

Á 35. gr. laganna verði þessar breytingar:

- a) Aftan við 1. mgr. bætist: Hafi úrskurður fjármálaráðherra um flutning vöru milli tollskrárnúmera í för með sér breytingu á upphæð aðflutningsgjalda, þá tekur sú breyting, að því er snertir aðflutningsgjöldin, ekki gildi fyrr en a. m. k. tveimur mánuðum eftir að breytingin hefur verið auglýst í Lögbirtingablaði.
- b) 2. mgr. orðist þannig:
Fjármálaráðherra skipar sérstaka nefnd og felur henni að gera tillögur um úrskurði þá, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar. Nefndarmenn skulu hafa yfir að ráða haldgóðri vörubekkingu og vera óháðir tollyfirvöldum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var, ásamt tveimur öðrum frumvörpum um tollamál, flutt á tveimur síðustu þingum. Flutningsmenn voru þeir sömu og flytja þau nú. Enda þótt frumvörpin væru rædd og hlytu góðar undirtektir vannst ekki tími til afgreiðslu, enda var þá gefið í skyn að ríkisstjórnin væri að undirbúa frumvarp til laga um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum sem hún hygðist leggja fyrir þingið á næstunni, þar yrði efni þessara frumvarpa tekið til meðferðar.

Þar sem flutningsmenn telja að ekki verði lengur beðið eftir frumkvæði ríkis-stjórnarinnar er frumvarp þetta nú flutt í þriðja sinn. Með upphaflegu frumvarpi fylgdi svofelld greinargerð:

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við tvö önnur frumvörp um breytingar á lögum um tollheimtu og tolleftirlit.

Megintilgangur frumvarpsins er að samræma ákvæði tollskrárlaga þeim tillög-um, sem þar eru bornar fram, auk fleiri atriða. Vísast til greinargerða þeirra tillagna um rökstuðning, sem í flestum tilvikum á einnig við um þetta frumvarp, auk þess sem gerð er grein fyrir breytingartillögum við einstakar greinar.

Um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Lagt er til að gera að skyldu sams konar heimildarákvæði og er í 3. gr. Ef vara er flutt hingað til lands og ætlunin er að flytja hana úr landi aftur, virðist ástæðulaust að heimta toll af henni. Sennilegt er að íslenskir innflytjendur gætu endurútflytt vörur, t. d. til Færeyja og Grænlands, og ástæðulaust að tollalög komi í veg fyrir slíkt, ef það er mögulegt.

Um 2. gr.

- a) 1. tl. laganna er óþarfur, ef breytingin á 1. gr. nær fram að ganga.
- b) Breytingin er til samræmis við gjaldfrest á aðflutningsgjöldum. Lagt er til að 2. tl. breytist til samræmis við þá hugsun, að tollur skuli alltaf lækka að tiltölu við skemmdir, hvar svo sem varan skemmist, ef það gerist áður en vara er seld. Vara getur skemmist og verðmæti þar með rýrnað án þess að um eyðileggingu sé að ræða. Í þeim tilvikum er hlutfallsleg lækkun gjalda sanngjörn. Sé vara flutt beint frá flutningateki í vörugeymslu innflytjanda getur verið að skemmdir komi ekki strax í ljós. Er því lagt til að sama verði látið gilda um geymslu innflytjanda og nú gildir um geymslur tollyfirvalda og farmflytjanda, um þau atriði er snerta skemmdir á vöru sem enn hefur ekki verið seld af innflytjanda þegar skemmdir komu í ljós.
- c) Lagt er til, að 11. tl. verði orðaður þannig, að endurgreiða megi gjöld af hráefnum og efnivöru, sem notuð hefur verið til vinnslu útfluttra vara, hvort sem vinnslan fellur undir iðnað. sjávarútveg eða aðra atvinnustarfsemi. Enn fremur er gerð tillaga um bæra aðila til að gefa vottorð um samsetningu efnis eða vöru.

Um 3. gr.

Breytingu þessari er ætlað að koma í veg fyrir þá tvítollun sem nú viðgengst þegar vara er send til viðgerðar á kostnað seljanda. Eru einkum höfð í huga nákvæmnistæki (linsur í myndavélar, rafeindateki o. fl.) sem vandkvæði eru á að gera við hérlendis og seljandi hefur selt með ákveðinni ábyrgð. Tillit til þeirrar ábyrgðar hefur að sjálfsgöðu verið tekið í upphaflegu söluverði vörunnar og tollur þar með greiddur af ábyrgðinni í upphaflegu tollverði. Eigi að greiða toll á nýjan leik af ókeypis viðgerð er um tvítollun að ræða. Vandamál hafa komið upp í þessu sambandi um það, hver eigi að greiða tollinn, en erlendur seljandi telur sig fullnægja ábyrgðinni með því að afhenda á ný viðgerðan eða nýjan hlut í stað hins gallaða.

Um 4. gr.

Breytingin er til samræmis við gjaldfrest og til samræmis við breytingar á 2. tl. 3. gr. laganna. Einnig virðist ekki ástæða til að setja það skilyrði til lækkunar tollverðs, að rýrnun eða skemmdir fái stættar.

Um 5. gr.

Tillagan miðar að einföldun í heim tilgangi að auðvelda störf flutningamiðlara og annarra, sem annast flutning vöru, og að tekið sé tillit til þeirrar óvissu sem oft er ríkjandi um ýmsa þætti sem krafist er upplýsinga um þegar vara er send af stað. Auk þess er það ekki á valdi innflytjanda að sjá svo um að hinn erlendi seljandi framfylgi öllum þeim atriðum sem núgildandi lög krefjast.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að skyldan um stimplun bankaskjala sé felld niður. Sú breyting er óhjákvæmileg forsenda flestra þeirra atriða sem hagræða má í tollafgreiðslu. Ákvæðið um kvittun banka getur í sumum tilvikum tafið fyrir tollafgreiðslu á vörum og komið í veg fyrir beinan heimakstur.

Handhöfn frumrits af farmbréfi er eðlileg sönnun fyrir löglegri heimild fyrir vörunni.

Um 7. gr.

Viðurlög þau, sem nú eru, virðast með öllu ástæðulaus. Tilgreining rangs tollskrárnúmers á innflutningsskýrslu má oftast rekja til afsakanlegra mistaka, sem í sumum tilvikum má rekja til upplýsinga starfsmanna tollsins sjálfs sem síðar reyndust vera rangar. Hlutverk tollendurskoðunarinnar er að henda á og leiðrétta slíkar villur. Óeðlilegt er að telja allar villur um tollskrárnúmer, sem kunna að koma fyrir, vera visvitandi tiraunir til tollsvika. Sé um misferli að ræða heyrir brotið undir 2. mgr. 32. gr.

Um 8. gr.

Ástæður geta verið þær, að viðtakandi geti ekki uppfyllt þessi atriði innan tilskilins tíma. Önnur viðurlög, sem nefnd eru í greininni, ættu að veita nægilegt aðhald. Dags sektir má vera rétt að viðhafa, en stöðvun á tollafgreiðslu er óeðlileg viðurlög.

Um 9. gr.

- a) Það er alkunna, að flokkun vara undir tollskrárnúmer getur oft verið álitamál. Flokkunin byggist á vandasómu mati og er því eðlilegt að endurskoðun fyrra mats geti leitt til annarrar niðurstöðu, enda eru úrskurðir um breytingar á flokkun alltiðir. Æskilegt er að slíkar breytingar á flokkun hafi sem minnsta röskun í för með sér fyrir þá er þær snerta. Með því er átt við að úrskurðir um breytt tollskrárnúmer, sem leiða til breytinga á fjárhæð aðflutningsgjalda, taki ekki gildi fyrirvaralaust, að því er varðar fjárhæð tolls. Frestur þarf að vera það rúmur, að innflytjendur geti hagað innflutningi sínum í samræmi við breyttar aðstæður. Í þeim tilvikum skiptir ekki öllu máli, hvort breyting leiðir til hækkunar eða lækkunar aðflutningsgjalda.

Innflytjandi, sem um langan tíma hefur flutt inn vöru undir ákveðnu tollskrárnúmeri án þess að töllyfirvöld eða ríkisendurskoðun hafi gert við það athugasemd, á að geta treyst því, að breytingar á tollskrárflokkun, sem leiða til breytts tolls, verði ekki teknar upp án fyrirvara. Í mjög mörgum tilvikum hefur innflytjandinn selt vöru sína á ákveðnu verði áður en hún er leyst úr tolli. Verðið er þá reiknað í samræmi við fyrri tollflokkun, sem töllyfirvöld hafa samþykkt án athugasemda. Leði tollskrárbreytingin til hækkunar getur það leitt til riftunar kaupa og innflytjandi situr uppi með óseljanlega vöru eða bíður stórfellt tjón, sé hann bundinn af fyrirframsölunni á föstu verði.

Ef um er að ræða vörutegund, sem margir aðilar flytja inn, getur fyrirvaralaus breyting á tolli leitt til þess, að vörur, sem leystar eru úr tolli sitt hvorn daginn, komi út á mjög misháu verði. Afleiðingin er sú, að fyrri aðilinn situr uppi með óseljanlega vöru hafi tollur lækkað. Sé hins vegar um hækkun að ræða situr sá síðari uppi með óseljanlega vöru, a. m. k. meðan birgðir keppinautanna, sem áður fengu tollafgreitt endast.

- b) Enda þótt tollskrárlög veiti fjármálaráðherra endanlegt úrskurðarvald um ágreining, sem kann að rísa um til hvaða tollflokks tiltekin vara skuli teljast, er ljóst að hann verður í flestum tilfellum að styðjast við þekkingu og mat annarra. Veltur því á miklu að ráðgjafar hans séu sérfróðir á þessu sviði og aðstaða þeirra sú, að þeir geti beitt hlutlausu mati við úrlausnina. Nottfær ráðherra sér heimild **35. gr. tollskrárlaga** um skipun nefndar til ráðuneytis um þessi mál, er brýn nauðsyn að í hana séu valdir menn sem hafa yfir að ráða haldgóðri vörubekkingu og séu óháðir töllyfirvöldum. Sé einkum leitað til starfsmanna tollsins, er sú hætta fyrir hendi, að viðkomandi hafi ákveðið þá vöruflokkun sem ágreiningur hefur risið um og innflytjandi vill ekki una. Þar með eru töllyfirvöld í raun orðin annar aðili málsins. Undanfarandi rökræður um ákvörðunina, sem leitað er úrskurðar um, gera hlutlaust mat aðilans því erfiðara.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.